

Eiríkur Rögnvaldsson

Vefurinn í kennslu

Ég byrjaði að nota vefinn snemma árs 1995, og kom mér upp frumstæðri heimasíðu þá um vorið, eftir að hafa lesið gagnlegar leiðbeiningar í *Fréttabréfi Reiknistofnunar* nr. 25. Um haustið gerði ég fyrst tilraun með að nota vefinn í kennslu. Ég setti upp heimasíðu fyrir námskeið sem ég var þá með á BA-stigi í íslensku og byrjaði á að setja þar inn ýmis gögn; námsáætlun, verkefni, útdrætti úr lesefni o.fl. Öllum þessum gögnum dreifði ég þó einnig til nemenda í ljósriti, og þegar kom fram í október gafst ég upp á að setja meira á netið. Það tók mikinn tíma því að ég hafði engin sérhæfð forrit til að búa textann í HTML-form, og þar að auki notuðu nemendur sér þetta ekkert. Það stafaði bæði af því að þeir þekktu ekki vefinn og kunnu ekki að nota hann, og eins af því að þeir höfðu ekki greiðan aðgang að netinu. Á þeim tíma réðu tölvurnar í tölvuverinu á heimaslóðum nemenda, Árnagarði, ekki við Netscape eða aðra vefskoðara, og fáir nemendur voru komnir með upphringisamband við netið heima hjá sér. Allt var við það sama haustið eftir, 1996. Þá kom ég reyndar einnig upp heimasíðu fyrir tvö námskeið sem ég kenndi þá, og setti þar inn kennsluáætlanir og ritaskrár, en lét þar við sitja.

Í fyrra ákvað ég hins vegar að gera tilraun með að gera vefinn að mikilvægum þætti í kennslu minni í vetur. Sú ákvörðun átti sér einkum fjórar forsendur. Í fyrsta lagi var ég farinn að átta mig betur en áður á því hversu þægilegur miðill vefurinn er, og hversu mikið og margvíslegt efni er komið á hann. Í öðru lagi eru nú komin forrit sem auðvelda manni mjög að koma efni í það form sem þarf til birtingar á vefnum. Í þriðja lagi þekkja flestir nemendur netið nú meira eða minna og eru óhræddir við að nota það. Í fjórða lagi hefur aðgengi nemenda að því batnað mikið með endurnýjun tölvukosts í Árnagarði og víðar, auk þess sem sífellt fleiri hafa netaðgang heima.

Nú á haustmisseri kenndi ég námskeiðið *Aðferðir og vinnubrögð* sem er skyldunámskeið á fyrsta ári í íslensku og hagnýtri fjölmiðlun. Í upphafi misseris kom ég upp heimasíðu fyrir námskeiðið og setti þar inn kennsluáætlun og ritaskrá, og dreifði sömu gögnum ljósrituðum. En í stað þess að láta þar við sitja eins og árið áður hélt ég áfram að bæta við efni allt misserið. Ég setti inn heimaverkefni sem oftast voru vikulega, og eftir að komið var fram yfir skiladag setti ég úrlausnir þeirra á netið. Ég setti einnig flesta fyrirlestra mína inn á netið, svo og glærur og ýmislegt annað efni. Ekkert af þessu fengu nemendur ljósritað nema heimaverkefnið sjálf; hitt urðu þeir að nálgast á netinu eða verða af því ella. Námsmatið skiptist í fjóra þætti sem lokið var á mismunandi tímum, og eftir að yfirferð hvers þáttar lauk setti ég einkunnir (undir kennitölum) á netið. Inn á heimasíðu námskeiðsins setti ég einnig krækjur (vísanir, tengla, eða hvað menn vilja kalla það) í ýmislegt sem tengdist viðfangsefni námskeiðsins, s.s. heimasíður stofnana í íslenskum fræðum, textasöfn, orðasöfn o.m.fl. Allt þetta (nema einkunnir, verkefni og úrlausnir) geta lesendur skoðað ef þeir hafa áhuga á; veffangið er <http://www.rhi.hi.is/~eirikur/adfvinn.htm>.

Þetta fyrirkomulag gafst að mínu mati mjög vel og hafði marga kosti. Í fyrsta lagi sparaði það verulega ljósritun; talsvert af því sem ég setti á netið hefði ég að öðrum kosti ljósritað handa öllum nemendum, hátt í 50 manns. Í öðru lagi losaði það mig við talsvert kvabb; ég gat vísað frá mér öllum beiðnum um ljósritin frá því í síðasta tíma eða tímanum þar á undan; ég gat vísað þeim á að prenta bara út af netinu. Í þriðja lagi gat ég á þennan hátt komið til nemenda ýmsu efni sem ég hefði ekki ljósritað handa þeim, t.d. fyrirlestrum mínum og ýmsu efni annarra sem ég gat sett krækjur í. Ekki veit ég hversu mikið nemendur notuðu sér þessi gögn, en aldrei var kvartað við mig yfir því að ég hefði efni eingöngu á netinu í stað þess að ljósrita það. Í kennslukönnuninni lýstu a.m.k. tveir nemendur sérstakri ánægju með heimasíðuna.